

Niðurstöður samræmdu prófanna í 9.-10. bekk

Niðurstöður samræmdu prófanna eru komnar í hús og eru þær í heildina tekið góðar. Meðaltöl má nálgast á heimasíðu skólans undir Skólinn / mat á skólastarfi.

Bifhjól á skólalóðinni?

Nokkuð virðist bera á umferð vespa / léttra bifhjóla á lóð skólans utan skólatíma. Rétt er að brýna fyrir nemendum að umferð þessara tækja er af öryggisástæðum að sjálfsögðu bönnuð á skólalóðinni jafnt á skólatíma sem utan hans!

Dægradvöl eftir skólaslit

Börnum í 1.-2. bekk sem eru í dægradvöl býðst að framlengja dvöl sína til og með 9. júní. Dægradvölin verður opin á skólaslitadag. Sækja þarf sérstaklega um dvöl fyrir viðkomandi daga í umsókn í [íbúagátt](#) - „Skráning í aukadaga í dægradvöl í júní 2017“

Kæra skólasamfélag

Að venju er nóg um að vera í skólanum í maímánuði. Fram eftir mánuðinum leggjum við reyndar áherslu á að halda dampi með hefðbundna dagskrá en þegar líður á mánuðinn fer að venju að bera á ferðalögum og uppbrotsverkefnum, eins og sjá má á dagskránni á baksíðunni. Við erum svo í óða önn að skipuleggja næsta vetur hvað varðar ráðningar kennara, niðurröðun bekkja, útskipti og endurskipulagningu tölvubúnaðar, innkaup búnaðar o.fl. Í mánuðinum munum við svo vinna úr könnun varðandi stefnu skólans og leggja drög að starfsáætlun næsta vetrar. Jafnframt erum við að áforma ákveðnar breytingar á skipulagi unglingastigs næsta vetur en um það má lesa nánar um hér á síðunni. Semsagt, nóg að gera í skólanum og lífið dásamlegt að vanda!

Ágúst Jakobsson skólastjóri

Dægradvöl og mótuneyti skólaárið 2017-2018

Búið er að opna fyrir umsóknir í [íbúagátt](#) fyrir komandi skólaár 2017-2018.

Mötuneyti:

Athugið, nemendur sem eru í mótuneytisáskrift í dag þurfa ekki að sækja um fyrir næsta skólaár vilji þeir halda áfram í áskrift. Þeir sem eru í áskrift í dag en vilja ekki vera í áskrift frá og með upphafi næsta skólaárs þurfa að segja upp áskrift í gegnum [íbúagátt](#). Áskriftir fyrir mótuneyti haldast því óbreyttar milli ára nema að foreldrar geri breytingar í gegnum [íbúagátt](#). (Undantekning er að áskriftir nemenda sem útskrifast úr 10. bekk í vor lokast sjálfkrafa).

Dægradvöl:

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í dægradvöl fyrir næsta skólaár 2017-2018. Sækja þarf um í [íbúagátt](#). Áskriftir í dægradvöl haldast ekki óbreyttar milli ára. Umsóknir fyrir núliðandi skólaár 2016-2017 lokast sjálfkrafa í lok skólaárs.

Sumardvöl (2011 árgangur)

Boðið verður upp á sumardvöl, 9. – 18. ágúst. Sumardvöl er aðeins fyrir börn fædd 2011 og eru að hefja nám í 6 ára bekk á næsta skólaári. Gjaldskrá fyrir sumardvöl kemur fram efst í umsókn um sumardvöl. Umsókn er í [íbúagátt](#). **ATHUGIÐ - Umsóknarfrestur um sumardvöl er til 20. maí.**

Breytingar á skipulagi unglingastigs næsta vetur - kynningarfundir fyrir foreldra

Fyrirhugaðar eru breytingar á kennsluskipulagi unglingastigs næsta haust á þann hátt að taka upp að hluta svokallað vinnustofu-fyrirkomulag. Það felur í sér að 1-2 kennslustundir á dag vinna nemendur eftir áætlunum sínum og hafa þá val um hvaða námsgrein þeir sinna hverju sinni. Markmiðið er að efla sjálfstæði nemenda og gefa þeim aukið frelsi til að skipuleggja tíma sinn og nám sitt auk þess sem teknar verða upp lestrarstundir, umsjón nemenda dreift á fleiri hendur o.fl. Vegna þessa bjóðum við foreldrum til kynningafunda kl. 17:00 dagana 9.-11. maí nk. (sjá baksíðu) Minnt verður á fundina með tölvupósti með 2ja daga fyrirvara...

Skipan húsnæðismála skólans næstu misserin

Nú höfum við unnið áætlun fyrir húsnæðismál skólans næstu misserin miðað við fyrirliggjandi spár um nemendafjölda. Þar er að finna samantekt á áætluðum nemendafjölda næstu þriggja ára ásamt tillögum um niðurröðun árganga í skólahúsnæðið o.fl. Plaggið má finna á heimasíðu skólans eða beint á slóðinni:

http://www.horduvallaskoli.is/media/matsgogn/adgerdaaetlun_husnaedismala_2017_2020.pdf

Ráðning aðstoðarskólastjóra

Edda Kjartansdóttir hefur verið ráðin aðstoðarskólastjóri við Hörðuvallaskóla og mun hún hefja störf hjá okkur 1. ágúst nk. Frá og með þeim tíma verða tveir aðstoðarskólastjórar starfandi við skólann og mun Edda hafa aðsetur á unglingastigi skólans í Vallakór. Hún starfaði lengi sem kennari og deildarstjóri við Vesturbæjarskóla en hefur síðustu árin starfað hjá Háskóla Íslands sem forstöðumaður starfsþróunar Menntavísindastofnunar. Hún leysti einnig af árið 2016 sem aðstoðarskólastjóri við Vatnsendaskóla. Edda er með M.Ed próf í náms- og kennslufræði og Dipl.Ed í stjórnun menntastofnana auk þess sem hún hefur lagt stund á nám í IT-pedagogik við Háskólann í Kalmar og nám í tölvu- og upplýsingamennt við KHÍ. Við bjóðum Eddu velkomna í hópinn og væntum mikils af samstarfinu við hana.



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1. Frídagur verkamanna FRÍ!	2. Hakkbollur m/ kartöflum og brúnni sósu / sultu. Salatbar og ávextir. Aðalfundur Foreldra- félagsins kl. 20:00	3. Ítölsk grænmetisúpa m/ brauði og smjöri. Ávextir. Gengið í skólann!	4. Plokkfiskur m/ rúgbrauði og smjöri. Salatbar og ávextir.	5. Píta m/ kjúkling, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	6.
7.	8. Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir. 2.b heimsækir Alþingi	9. Heitur pastaréttur. Salatbar og ávextir. 2.b heimsækir Alþingi Fundur for. 7.b	10. Grisasnitzel í raspi m/ kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Fundur for. 8.b	11. Ofnbakaður fiskur m/ kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Vorskóli verðandi 1.b. Fundur for. 9.b	12. Grjónagrautur og slátur. Ávextir. Vorskóli verðandi 1.b. Uppskeruhátíð spjald- tölvuverkefnis Kópavogs	13.
14.	15. Fiskibollur m/ kartöflum og brúnni sósu. Salatbar og ávextir.	16. Lambapottréttur m/ hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	17. Mexíkönsk kjúklingasúpa. Ávextir.	18. Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir. 3. bekkur í sveitiferð	19. Starfsdagur Dæggradvöl opin	20.
21.	22. Fiskuréttur m/ hris- grjónum. Salatbar og ávextir. 4. bekkur skoðunarferð	23. Íslensk kjötsúpa. Ávextir. 5.-7. bekkir í vorferðir	24. Grjónagrautur og slátur. Ávextir.	25. Uppstigningardagur FRÍ!	26. Kalkúnalasagne. Salatbar og ávextir. 6.b. fer í Reykholt 5.b. í gróðursetningu Íþróttadagur 8.-10.b	27.
28.	29. Fiskur í raspi m/ kartöflum og kokteil- sósu. Salatbar og ávextir. 10.b. í óvissuferð Safnaferðir hjá 8.-9.b	30. BBQ kjúklingur m/ hrisgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir. 10.b. í óvissuferð Fjallgöngur hjá 8.-9.b	31. Skyr og flatkukur. Ávextir. Vordagur - styttri skóladagur	Göngum eða hjólum í skólann! Við minnum á upphaf hvatningarverkefnisins Göngum í skólann miðvikudaginn 3. maí en þá safnast nemendur saman á ákveðnum stöðum í hverfinu kl. 8:00 og ganga saman í skólann. Í framhaldinu eru allir sem það mögulega geta hvattir til að nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta á leið sinni í skólann!		

Muna: Aðalfundur Foreldrafélagsins 2. maí kl. 20:00 í sal skólans í Baugakór

- Frí í skólanum 19. og 25. maí
- Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!
- Heimanámsaðstoð á aðalsafni Bókasafns Kópavogs á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 en á Lindasafni á fimmtudögum kl. 14:30-16:30
- **Útivistartími breytist frá 1. maí:** Börn, 12 ára og yngri til kl. 22.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 24.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.